

## LÖG

### um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, sbr. lög nr. 74/1992, 102/1993 og 68/2007.

#### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

- a. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Efnahags- og skattanefnd; og jafnframt bætist nýr töluliður við sömu málsgrein, í stafrófsröð, svohljóðandi: Viðskiptanefnd.
- b. 3. tölul. 1. mgr. orðast svo: Félags- og tryggingamálanefnd; og 5. tölul. sömu málsgreinar orðast svo: Heilbrigðisnefnd.
- c. 7. tölul. 1. mgr. fellur brott og jafnframt orðast 10. tölul., er verður 9. tölul., sömu málsgreinar svo: Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

#### 2. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptanefndar“ í 3. málsl. 2. mgr. 25. gr. laganna kemur: efnahags- og skattanefndar; og í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptanefnd“ í 5. málsl. sömu málsgreinar kemur: Efnahags- og skattanefnd.

#### 3. gr.

Við 66. gr. laganna, sbr. 25. gr. laga nr. 68/2007, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við atkvæðagreiðslu með rafeindabúnaði, svo og nafnakall, er þingmanni heimilt að gera stutta grein fyrir atkvæði sínu. Slík greinargerð má þó eigi taka lengri tíma en eina mínútu.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 6. júní 2007.*

**Geir H. Haarde.**

**Sturla Böðvarsson.**  
(L. S.)

**Gunnlaugur Claessen.**

*Geir H. Haarde.*